

# Kínaolía



## Efnislýsing

Kínaolía eða tungviðarolía er unnin úr fræjum tungtrésins. Örmáar sameindirnar í olíunni gera henni mögulegt að ganga nægilega langt inn í viðinn og koma þannig í veg fyrir vatnsupptöku í honum. Olían hefur verið notuð um aldir á allar viðartegundir til að koma í veg fyrir sprungumyndun og upptöku vatns eða raka. Kínaolían er blanda af tungolíu, línolíu og leysiefni og má nota bæði innan- og utanhúss.

Kínaolía er hentug á allan við, einnig á harðvið, s.s. tekk og mahóni. Hún hentar vel á garðhúsgögn, palla, skjólveggi, kúptan panel, glugga, hurðir og báta.

## Meðhöndlun

1. Viðurinn þarf að vera hreinn og vel þurr. Ef grámi er kominn í viðinn þarf að fjarlægja hann með Nordsjö pallahreinsi og vatni. Í sumum tilfellum þar sem gráminn er djúpur þarf að endurtaka aðgerðina. Mikilvægt er því að láta sólina þurrka viðinn áður en borið er á hann, í minnsta kosti 1-3 daga eftir aðstæðum. Nýr þrýstífúavarinn viður þarf að þorna vel (ekki síst viður sem hefur legið í miðjum stafla) og standa í nokkrar vikur áður en hann er olíuborinn.
2. Hrærið vel upp í dósinni og berið olíuna jafnt og ríkulega á viðinn, t.d. með pensli. Bera þarf vel á mjög gljúpa fleti þar til þeir mettast. Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast að búa til færsluskil (aukalitstyrk) á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Látið olíuna liggja á viðnum í u.þ.b. 10-15 mínútur.
3. Þurrkið síðan burt umframolíu til að jafna áferð þar sem olían hefur yfirmettað viðinn svo ekki myndist filma á honum. Það er best gert með því að draga þurran pensilinn yfir flötinn.
4. Æskilegt getur verið að endurtaka sömu aðgerð daginn eftir eða fyrir komandi vetur. Viðhaldið fletinum síðan með 1 umferð árlega á allan pallinn eða þar sem álag er mikið. Þannig heldur viðurinn sinni upprunalegu áferð sem lengst. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal velja minni litstyrk eða jafnvel glæra olíu næst þegar borið er á.

Athugið að vegna mikils raka getur verið varasamt að bera á palla of snemma á vorin eða seint á haustin.

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss

**Litur:** Ljósugl og í völdum viðarlitum

**Þynning:** Balsamterpentína eða venjuleg terpentína

**Þurrktími:** Snertþurr eftir 3-5 klst.; gegnþurr eftir 16-24 klst. Fer eftir hita- og rakastigi

**Lágmarkshiti við málun:** +5°C

**Þekja:** 4-10 fermetrar pr. lítra. Fer eftir þurki í við

**Hreinsun:** Balsamterpentína eða venjuleg terpentína

**Pakkningar:** 1 og 3 l.

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.):** Inniheldur mest 462 g/l.